

Reykjavík, 12. júní 2015

## Úrskurður nr. 4/2015

Í dag var hjá embætti Tollstjóra kveðinn upp svofelldur

### Ú R S K U R Ð U R

**Kærandi: Á**

**Kæruefni: Ákvörðun um álagningu gjalda á listmuni.**

#### I. Kæra

Með tölvupósti dags. 14. apríl sl., hefur Á, kært til úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra, dags. 26. mars 2015 um höfnun beiðni um leiðréttingu aðflutningsgjalda á listmuni.

Kærandi fer fram á að annað tollverð verði lagt til grundvallar álagningu gjalda og þau leiðrétt í samræmi við það.

#### II. Málsmeðferð

Þann 20. janúar 2015 barst hingað til lands sending nr. X, sem innihélt glervasa og borðlampa. Tollmiðlun Íslandspósts sendi kæranda tilkynningu um komu sendingarinnar þann 26. janúar sama ár. Sendingin var tollafgreidd þann 26. febrúar 2015. Eftir tollafgreiðslu sendingarinnar lagði kærandi fram annað verðmat á sendinguna og óskaði eftir leiðréttingu á álögðum gjöldum í samræmi við það. Leiðréttingu var hafnað þann 26. mars 2015. Kærandi var í nokkrum samskiptum við Tollstjóra eftir þetta og var að endingu bent á rétt sinn til að kæra ákvörðun um höfnun á leiðréttingu álagðra gjalda til Tollstjóra skv. 117. gr. tollalaga.

Kæra vegna ofangreindrar ákvörðunar Tollstjóra barst embættinu með tölvupósti dags. 14. apríl 2015. Þann 16. apríl sama ár sendir Tollstjóri kæranda tölvupóst þar sem staðfest var móttaka á kæru og óskað var eftir frekari gögnum um málið. Embættið móttók gögn frá kæranda þann 27. apríl sl. Þann 21. maí óskaði Tollstjóri eftir frekari skýringum á málsatvikum. Tölvupóstur frá kæranda barst embættinu þann 22. maí þar sem kærandi veitti skýringar og kvaðst að auki ekki hafa frekari upplýsingar um málið.

### **III. Meginröksemdir kæranda**

Kærandi kveðst hafa flutt hingað til lands í janúar sl. eftir nokkurra ára vetursetu í Kanada. Fyrir komu til landsins hafi hann sent hingað til lands nokkra kassa af persónulegum munum sem hann hafi fengið afhenta án gjalda. Kærandi kveðst hafa stoppað í Bandaríkjunum á leið sinni til landsins og þar sem hann sé myndlistamaður hafi hann skipt við gallerí í San Fransisco og fengið borðlampa og glervasa upp í væntanlega sölu á eigin myndum. Starfsmaður gallerísins sá um að pakka hlutunum inn og sendi þá til Íslands. Eigandi gallerísins hafi þá gert nótu fyrir tryggingu á hlutunum ef eitthvað kynni að koma fyrir sendinguna. Kærandi framvísaði svo umræddri nótu þegar hann vitjaði sendingarinnar. Kærandi telur það hafa verið mistök af sinni hálfu að framvísa nóttunni þar sem hún hljóði upp á fjárhæð 1.900 USD, sem sé allt of há upphæð. Kærandi kveðst vera búinn að fá rétt matsverð frá galleríinu sem sé 480 USD og með kostnaði og sendingu sé heildarkostnaðurinn að fjárhæð 633 USD FOB.

Kærandi kveðst hafa farið margar ferðir í Íslandspóst sem og í tollhúsið ásamt því að senda tölvupósta, en ekki fengið nein svör. Að endingu hafi kærandi borgað gjöld að fjárhæð 110.397 ISK þann 26. febrúar sl. svo að sendingin yrði ekki endursend. Kærandi kveðst hafa endurgert skýrslu þar sem rétt FOB verð kom fram en henni hafi verið hafnað á þeim forsendum að fyrri reikningur hafi verið að fjárhæð 1.900 USD. Kærandi óskar eftir því að málið verði endurskoðað.

Kærandi fer fram á að tollverð sendingarinnar verði leiðrétt og mismunurinn endurgreiddur í samræmi við það.

### **IV. Niðurstöður**

Ágreiningur í þessu máli snýr að tollverði umræddrar sendingar. Kærandi hefur lagt fram reikning annars vegar og yfirlýsingu seljanda hins vegar, sem ber ekki saman um verðið á vörunum. Álagning aðflutningsgjalda ákvarðast út frá tollverði vöru. Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörunar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 15. gr., sbr. 14. gr. tollalaga.

Samkvæmt 116. gr. tollalaga hefur Tollstjóri heimild til að leiðrétta aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu. Þar segir að verði innflytjandi þess var innan sex ára talið frá tollafgreiðsludegi vöru að upplýsingar, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru, voru rangar eða ófullnægjandi skuli hann leggja fram beiðni hjá Tollstjóra um viðeigandi leiðréttingar.

Ennfremur kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins, að innflytjandi beri sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra gjalda.

Kærandi ber fyrir sig að reikningurinn sem upphaflega var framvísað við tollafgreiðslu sendingarinnar sé rangur þar sem upphæðin sé of há. Skýringar þær sem kærandi gefur á umræddum reikningi er að hann hafi einungis verið ætlaður sem trygging ef eitthvað kynni að koma fyrir sendinguna í flutningum. Þá kveðst kærandi hafa greitt fyrir varninginn með málverkum eftir sig sjálfan.

Eins og áður hefur komið fram er tollverð vöru viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru. Kærandi heldur því fram að hann hafi greitt fyrir umræddar vörur með málverkum. Við ákvörðun tollverðs hefur það engin áhrif í hvaða formi greiðslan fór fram. Vöruskipti líkt og þau sem kærandi heldur fram að hafi átt sér stað eru eftir sem áður metin til verðmæta við ákvörðun tollverðs vöru. Meðal gagna málsins er greiðslukvittun sem sýnir að greiðsla að fjárhæð 1.900 USD var framkvæmd þann 3. janúar sl. Með tölvupósti dags. 22. maí sl. óskaði Tollstjóri eftir því að kærandi gæfi skýringar á þessari greiðslukvittun. Kærandi gaf þær skýringar að umrædd kvittun hafi verið útbúin ef eitthvað kæmi fyrir sendinguna, svo hægt væri að sýna fram á verðgildi hennar. Ennfremur kemur fram í sama tölvupósti frá kæranda að málverk þau sem notuð voru sem greiðsla fyrir umræddar vörur séu metin á um 1.900 USD.

Tollstjóri fellst ekki á þau rök kæranda sem lúta að því að upphaflegur reikningur sem lagður var fram við tollafgreiðslu eigi einungis að vera í tryggingaskyni skemmist sendingin í flutningum. Eðli máls samkvæmt hlýtur tryggingafjárhæð að endurspegla raunvirði vörunnar og rennir það því frekari stöðum undir það að upphaflegur reikningur skuli vera lagður til grundvallar við ákvörðun tollverðs sendingarinnar. Þá telur Tollstjóri að með tilliti til ganga málsins, þar með talið greiðslukvittun upp á 1.900 USD og tölvupóst kæranda þar sem hann lýsir verðmæti málverkanna sem hann kveður hafa verið lögð fram sem greiðsla, sé verðmat það sem seljandi lagði fram á síðari stigum málsins ekki trúverðugt.

Með vísan til ofangreinds teljast skilyrði fyrir leiðréttingu aðflutningsgjalda af vörum í sendingu nr. X, ekki fyrir hendi. Ákvörðun um höfnun á beiðni um leiðréttingu álagðra gjalda er því staðfest.

## ÚRSKURÐARORÐ

Embætti Tollstjóra úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, að ákvörðun Tollstjóra um höfnun beiðni um undanþágu virðisaukaskatts á málverk er staðfest.

### **Kæruréttur**

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Yfirskattanefndar, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga.